



Fundargerð

245. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 22. október 2020 kl. 17:00. Fundurinn er Teams fjarfundur.

Mættir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Konráðsdóttir aðalmaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

DAGSKRÁ

- Fjármál Reykjaneshafnar. (2020010192)**
Hafnarstjóri fór yfir ýmis mál er snerta fjármál Reykjaneshafnar.
- Fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2021. (2020080143)**
Hafnarstjóri kynnti stöðu í vinnslu fjárhagsáætlunar Reykjaneshafnar fyrir árið 2021.
- Hafnasamband Íslands. (2020021399)**
 - Fundargerð 426. fundar Hafnasambands Íslands frá 28.09.2020. **Lögð fram til kynningar.**
 - Fundargerð 427. fundar Hafnasambands Íslands frá 19.10.2020. **Lögð fram til kynningar.**
- Hafnarmannvirki Reykjaneshafnar. (2020030194)**
Farið var yfir stöðu mála varðandi fyrirhugaða uppbygginu í Njarðvíkurhöfn.
- Landhelgisgæsla Íslands. (2020100267)**
Bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 29.09.2020, þar sem áhuga er lýst á að skoða möguleika á því að skipastóll Landhelgisgæslu Íslands (LHG) hafi aðstöðu hjá Reykjaneshöfn. Bréfið er svarbréf við sameiginlegu erindi Reykjaneshafnar og Reykjanesbæjar frá 30.04. s.l. til LHG þar sem boði var upp á viðræður um möguleika á framtíðarhafnaraðstöðu fyrir skipastól LHG hjá Reykjaneshöfn. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar fagnar því að skoðaður sé möguleiki á því að framtíðaraðstaða skipastóls Landhelgisgæslu Íslands verði hjá Reykjaneshöfn og felur hafnarstjóra að vinna það mál áfram í samráði við bæjaryfirvöld Reykjanesbæjar.* **Samþykkt samhljóða.**
- Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2020010519)**
Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.